

96.06.00	97.06.01	98.05.00	99.06.00
97.04.01	97.06.02	98.06.01	98.10.00
97.04.02	97.06.09	98.06.09	98.11.00
97.04.03	97.08.00	98.08.00	98.14.00
97.04.04	98.01.01	98.09.00	
97.04.09	98.03.00	98.15.00	
97.05.00	98.04.00	98.16.00	

3. gr.

1. másl. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 18% á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 16,07% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendirar framleiðslu á árinu 1977 eru fjórir. Gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1977, gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1977 er 1. ágúst 1977, gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1977 er 1. nóvember 1977 og gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1977 er 1. febrúar 1978.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 77 23. desember 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, I. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um fjáröflun til landhelgigæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga svo og lögum nr. 119 27. desember 1976 um breyting á þeim lögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu sölugjalds af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í lið XV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1977 að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum, tækjum, vélahlutum eða varahlutum sem teljast til eftirfarandi tollskránumera, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.:

84.03.00	84.35.40	84.45.65
84.04.00	84.35.50	84.45.70
84.05.10	84.36.10	84.45.75
84.05.20	84.36.20	84.46.00
84.11.11	84.36.30	84.47.01
84.11.12	84.37.10	84.47.09
84.11.21	84.37.20	84.48.10
84.13.01	84.37.30	84.48.20
84.14.00	84.38.10	84.48.30
84.15.49	84.38.20	84.49.10
84.16.00	84.38.30	84.49.20
84.17.29	84.39.00	84.50.00
84.18.19	84.40.62	84.56.32
84.18.24	84.40.63	84.57.00
84.18.32	84.40.64	84.59.10
84.19.29	84.40.79	84.59.30
84.19.39	84.41.12	84.59.40
84.30.11	84.41.20	84.59.60
84.30.12	84.42.00	84.59.70
84.30.14	84.43.10	84.59.81
84.30.20	84.43.20	84.59.99
84.31.10	84.44.10	84.60.00
84.31.20	84.44.20	84.61.01
84.31.30	84.45.10	84.61.02
84.32.10	84.45.15	84.61.11
84.32.20	84.45.20	84.61.15
84.33.10	84.45.25	85.01.51
84.33.20	84.45.30	85.01.76
84.34.10	84.45.35	85.11.10
84.34.20	84.45.40	85.11.20
84.34.30	84.45.45	90.07.12
84.35.10	84.45.50	90.07.32
84.35.20	84.45.55	90.10.33
84.35.30	84.45.60	

2. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður sölugjald af vörum sem teljast til tollskrárnúmera sem upp eru talin í 1. gr., enda lýsi innflytjandi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, þ. e. í iðngrein sem framleiðir vöru sem fellur undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands.

3. gr.

Nú er vara skv. 1. gr. flutt inn til endursölu eða um er að ræða vöru framleidda hér á landi og skal þá sölugjald innheimt við sölu en endurgreitt eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra).

Umsókn um endurgreiðslu skal borin fram í þrítíti á sérstöku eyðublaði sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru er beri greinilega með sér að sölugjald hafi verið greitt.

Umsókn skal jafnframt m. a. tilgreina eftirfarandi:

- a. Tollskrárnúmer hvernar vöru og vörulýsingu.
- b. Kaupverð hvernar vöru um sig og upphæð greidds sölugjalds.
- c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
- d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
- e. Yfirlýsingu umsækjenda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 2. gr. i. f.

Tollstjórar í hverju umdæmi munu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan árs frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 25 000 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

5. gr.

Við endurgreiðslu skal viðkomandi innheimtumaður halda eftir frumriti umsóknar ásamt afriti reiknings en afhenda viðkomandi umsækjanda annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu. Eitt afrit umsóknar skal hann senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur.

6. gr.

Sá aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreitt sölugjald sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

7. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

8. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 387 24. desember 1974.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinnsson.